

## ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2004/EES/56/04

frá 15. apríl 2002

um breytingu á ákvörðun 98/320/EB um tilhögun tímabundinnar tilraunar að því er varðar sýnatöku og prófanir á fræi samkvæmt tilskipunum ráðsins 66/400/EBE, 66/401/EBE, 66/402/EBE og 69/208/EBE (\*)

(tilkynnt með númeri C(2002) 1404)

(2002/280/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/400/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sykkurófufræja <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 98/96/EB <sup>(2)</sup>, einkum 13. gr. a,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fóðurjurtafræja <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 2001/64/EB <sup>(4)</sup>, einkum 13. gr. a,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/402/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns <sup>(5)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 2001/64/EB, einkum 13. gr. a,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 69/208/EBE frá 30. júní 1969 um markaðssetningu olíu- og trefjajurtafræja <sup>(6)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 98/96/EB, einkum 12. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/320/EB <sup>(7)</sup> var ákveðið að gera tímabundna tilraun á vettvangi bandalagsins til að meta hvort sýnataka úr fræi og fræprófun undir opinberu eftirliti kunni að vera betri kostur en aðferðirnar við opinbera vottun á fræi sem krafist er samkvæmt tilskipunum 66/400 /EBE, 66/401/EBE, 66/402/EBE og 69/208/EBE án þess að gæði fræsins minnki verulega.
- 2) Framkvæmdastjórnin er enn að safna gögnum til að uppfæra og fullvinna þær upplýsingar um niðurstöður tilrauna sem aðildarríkin, sem taka þátt í tilrauninni, hafa þegar látið í té. Einnig er hún enn að safna

gögnum um sýnin sem aðildarríkin hafa látið í té og hafa verið prófuð í samanburðartilraunum bandalagsins.

- 3) Samkvæmt núverandi, alþjóðlegum venjum, þ.m.t. þeim sem Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) og Alþjóðlegu samtökin um eftirlit með fræi (ISTA) hafa samþykkt, eru tímabundnar tilraunir, að því er varðar sýnatöku og prófanir á fræi, leyfðar áfram.
- 4) Þar af leiðandi ber að framlengja tímabundnar tilraunir og breyta ákvörðun 98/320/EB til samræmis við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Í 4. gr. ákvörðunar 98/320/EB kemur dagsetningin „31. júlí 2004“ í stað „30. júní 2002“.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 15. apríl 2002.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. EB L 99, 16.4.2002, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/2003 frá 31. janúar 2003 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 19, 10.4.2003, bls. 3.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 125, 11.7.1966, bls. 2290/66.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 25, 1.2.1999, bls. 27.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 125, 11.7.1966, bls. 2298/66.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 234, 1.9.2001, bls. 60.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 125, 11.7.1966, bls. 2309/66.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 169, 10.7.1969, bls. 3.

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB L 140, 12.5.1998, bls. 14.